

# Umhverfisstefna

## Slippfélagsins í Reykjavík



Það er hagar allra að huga að umhverfinu og við viljum öll hreint land, hrein höf og hreint andrúmsloft. Okkur hjá Slippfélaginu er þetta ljóst og þess vegna höfum við ákveðið að marka okkur stefnu og setja okkur markmið sem getur stuðlað að hreinna og betra umhverfi.

### Til að þetta megi takast munum við ...

- Sjá til þess að framleiðsluaðferðir hafi sem minnst áhrif á umhverfið, t.d. með hráefnum og tækni sem valda sem minnstri mengun.
- Lágmarka spilliefni og rusl sem fellur til við framleiðslu.
- Framleiða hágæða umhverfisvænar vörur sem hæfa íslenskum staðháttum og gæðakröfum.
- Tryggja að geymsla og dreifing vara sé eins örugg og umhverfisvæn og kostur er.
- Ganga úr skugga um að birgjar félagsins uppfylli og fari eftir umhverfisreglum og lögum.
- Vísa viðskiptavinum á umhverfisvænar leiðir.
- Tryggja að alltaf séu til staðar handhægar upplýsingar um stöðu umhverfismála í fyrirtækinu fyrir þá sem vilja kynna sér þau mál. Félagið hefur áhuga á og vill skiptast á tæknilegum upplýsingum um umhverfismál við önnur fyrirtæki.
- Koma í veg fyrir hugsanleg umhverfisslys og skaða þeirra með fyrirbyggjandi aðgerðum og neyðaráætlunum.

Pétur Már Finnsson  
managing director



**Slippfélagið**  
**Málningarverksmiðja**